

Ársskýrsla 2002

Efnisyfirlit:

I. Yfirlit um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Hlutverk- Heildaryfirlit

Einkaleyfi

Vörumerki

Hönnun

Byggðamerki

Starfsmannamál

Tæknimál

Önnur verkefni og breytingar á árinu 2002

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Samanburður við útkomu

Skýringar á helstu frávikum

I. Yfirlit um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Hlutverk- Heildaryfirlit

Meginhlutverk stofnunarinnar er að annast skráningu vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar. Auk þess annast stofnunin skráningu byggðarmerkja.


Jafnframt er það hlutverk stofnunarinnar að aðstoða umsækjendur og veita þeim og öðrum aðilum upplýsingar um hvers kyns atriði er snerta verndarsvið þau sem stofnunin annast. Stofnunin fer einnig með alþjóðleg samskipti á sviði hugverkaréttinda í iðnaði.

Einkaleyfi

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi umsókna á árinu var 451. Umsóknir frá erlendum aðilum voru 380, og þar af voru 372 yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT). Umsóknir frá íslenskum aðilum voru 71. Fjöldi umsókna frá íslenskum aðilum hefur aldrei verið jafn mikill og fjölgaði þeim umsóknum um 45 % milli ára.

Hér eru teknar saman tölur síðustu þriggja ára:



Þegar þessar tölur eru skoðaðar má sjá að heildarfjöldinn jókst á síðasta ári en náði þó ekki sama fjölda og árið 2000. En þess ber að geta að umsóknum hefur fækkað um allan heim sem menn rekja til almennrar efnahagslæggðar.

Veitt einkaleyfi voru 42 á árinu sem er sama tala og árið 2001.

Lagabreytingar

Á árinu voru gerðar breytingar á einkaleyfalögum, reglugerð og auglýsingu. Lagabreytingarnar voru aðallega til komnar vegna breytinga á ákvæðum Alþjóðlega einkaleyfasáttmálans (PCT) og einnig til að samræma löggjöf okkar betur löggjöf annarra Norðurlanda. Þær fólu í sér breytingar á tímafrestum til að yfirfæra alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir hingað til lands og breytingar á umboðsmannaskyldu.

Breytingarnar tóku gildi 1. apríl 2002.

(Eftirfarandi greinum var breytt vegna breytinga á PCT varðandi yfirfærslu alþjóðlegra umsókna: 31. –33. gr. og 73. gr. rg. ell. Þá var eftirfarandi greinum breytt vegna breytinga á umboðsmannaskyldu: 12. og 66. gr ell., 3., 63. og 69. gr. rgj. og 30. og 42. gr. augl. ell.)

Kynningastarfsemi

Á árinu heimsóttu nemar úr ýmsum skólum stofnunina og hlýddu á fyrirlestra um einkaleyfakerfið. Tækniskólanemar komu í janúar, kvenskólanemar í apríl sem og nemendur á 4. ári lagadeildar Háskóla Íslands.

Þá var fyrir milligöngu Impru haldin kynning á einkaleyfakerfinu hjá Iðntæknistofnun í júní. Svipuð kynning var svo haldin hjá Rannís í september.

Deildarstjóri hélt erindi á "Patent updating day" – ráðstefnu sænsku einkaleyfastofunnar í október.

Síðar í sama mánuði kom Sean Fitzpatrick, forstjóri írsku einkaleyfastofunnar í heimsókn og hélt fund með starfsmönnum einkaleyfadeildar. Einnig hélt hann fyrirlestur á fundi sem stofnunin boðaði til á Hótel Sögu, í samstarfi við iðnaðarráðuneytið. Á fundinn voru boðaðir helstu hagsmunaaðilar og áhugamenn á sviði hugverkaréttar. Fitzpatrick sagði þar frá reynslu Íra af aðild að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (EPC) og Evrópsku einkaleyfaskrifstofunni (EPO).

Í nóvember var haldin kynning fyrir umboðsmenn á Delphion gagnabankanum sem geymir margvíslegar upplýsingar um einkaleyfi. Kynningin fór fram í gegnum Netið þar sem starfsmaður Delphion sagði frá helstu möguleikum bankans.

Þátttaka á námskeiðum og fundum

Starfsmenn deildarinnar sóttu mörg námskeið á árinu, þ.á.m. námskeið varðandi einkaleyfi á hugbúnaðartengdum uppfinningum, bæði í London og hjá sænsku einkaleyfastofnuninni.

Einnig sótti starfsmaður deildarinnar námskeið í notkun á PCT-EASY forritinu, sem auðveldar og aðstoðar umsækjendur við að fylla út alþjóðlega einkaleyfisumsókn.

Þá skiptust tveir starfsmenn deildarinnar á að sitja EPIDOS-ráðstefnu sem haldin var í Kaupmannahöfn á vegum EPC og fjallaði um gagnabanka og upplýsingar um einkaleyfi á Netinu. Í tengslum við ráðstefnuna voru námskeið varðandi notkun gagnabankanna INPADOC og Epoline.

Í lok apríl var haldin hér á landi fundur norræns vinnuhóps um einkaleyfi (NAP).

Einn starfsmaður sótti námskeið um notkun “Power point” forritsins og annar starfsmaður sótti dönskunámskeið hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Annað

Þann 1. júní var byrjað að taka á móti alþjóðlegum umsóknum sem unnar eru með PCT-EASY forritinu.

Stofnunin gerðist áskrifandi að Delphion gagnabankanum sem gerir kleift að afla upplýsinga um afdrif einkaleyfisumsókna í öðrum löndum.

Nýtt og endurbætt umsóknareyðublað var tekið í notkun á árinu.

Í byrjun október var haldin fundur með ráðherra, ráðuneytisstjóra og fleiri aðilum frá iðnaðarráðuneyti til að fara yfir ýmis atriði er snertu hugsanlega aðild Íslands að Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO).

Í nóvember ákvað síðan ríkisstjórnin að Ísland skyldi gerast aðili að Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO).


Í lok ársins var fundað með dönsku einkaleyfastofnuninni varðandi endurnýjun samnings um rannsóknir á einkaleyfisumsóknum.

Vörumerki

Tölulegar upplýsingar

Vörumerkjaumsóknir á árinu voru samtals 3465. Þar af voru alþjóðlegar umsóknir (Madrid umsóknir) 2423. Frá íslenskum aðilum komu 362 landsbundnar umsóknir en 680 frá erlendum umsækjendum.

Hér eru teknar saman tölur síðustu þriggja ára:



Þegar þessar tölur eru skoðaðar kemur í ljós að síðustu tvö ár eru landsbundnar umsóknir jafnmargar (1043 árið 2001 og 1042 árið 2002). Árið 2000 voru þær mun fleiri. Skýringin á því liggur að mestu leyti í því að fyrir 1. desember 2000 þurftu margir aðilar sem sóttu um lén hér á landi að sækja um skráningu vörumerkis áður. Eftir að þeim reglum var breytt hefur landsbundnum umsóknum fækkað.

Alls voru skráð 1015 vörumerki á árinu. Á árinu 2001 voru skráningar 1125 og er því um allnokkra fækkun að ræða.

Lagabreytingar

Á árinu voru gerðar ýmsar breytingar á reglum er tilheyra Bókuninni um Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu vörumerkja. Breytingarnar tóku mið af því að einfalda framkvæmdina, gera hana skýrari og hagkvæmari á allan hátt. Í kjölfar þessara breytinga breyttist ýmislegt í framkvæmd hjá Einkaleyfastofunni. Nú þarf stofnunin t.d. ekki að senda tilkynningar til Alþjóðahugverkastofnunarinnar í Genf (WIPO), er varða framgang mála eftir að alþjóðlegri skráningu hefur verið hafnað hér á landi, fyrr en meðhöndlun hinnar alþjóðlegu skráningar hefur verið lokið hér á landi.

Í desember var samþykkt nýtt frumvarp til laga um félagamerki. Lögin tóku gildi um áramótin 2002/2003 og eru nr. 155/2002. Með gildistöku laganna féllu jafnframt úr gildi lög nr. 89/1935 um gæðamerki. Hin nýju lög fela m.a. í sér breytingar á heiti, þ.e. hugtakið félagamerki kemur í stað hugtaksins gæðamerki.

Kynningarstarfsemi

Á árinu var hafist handa við að undirbúa kynningarátak á sviði vörumerkja. Markmið kynningarátaksins er að heimsækja stofnanir, félagasamtök eða vinnustaði, sem gætu haft not af vörumerkjarétti. Boðið er upp á stutta fyrirlestra um vörumerkjarétt, markmið hans og tilgang, mikilvægi þessa réttinda í nútímasamfélagi og skýrt frá alþjóðlega skráningarkerfinu (Madrid).

Þátttaka á námskeiðum og fundum

Í maímánuði var haldinn norrænn vörumerkjafundur hér á landi. Hann sóttu fulltúar frá öllum Norðurlöndunum. Þá tóku tveir starfsmenn deildarinnar þátt í norrænum vörumerkja- og hönnunarfundi í Osló í október.

Einn starfsmaður (lögfræðingur) deildarinnar sótti námskeið hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf (WIPO) um Madrid skráningarkerfið.

Tveir starfsmenn deildarinnar hafa sótt enskunámskeið í Háskóla Íslands og tveir starfsmenn tölvunámskeið.

Annað

Ný útgáfa af hugbúnaði þeim sem vörumerkjaskráin er færð í (4-Dimension) var tekin í notkun á árinu. Jafnframt voru lagfærðir nokkrir gallar sem þóttu vera á kerfinu.

Hönnun

Tölulegar upplýsingar

Umsóknir á árinu voru 28, þar af voru 13 frá innlendum aðilum og 11 frá erlendum aðilum. Á árinu 2001 voru umsóknir 28 talsins 16 frá innlendum aðilum og 12 frá erlendum aðilum. Um er að ræða lítils háttar aukningu milli ára. Búast má við að umsóknum eigi þó eftir að fjölga á komandi árum þar sem s.k. Genfarsamningur, sem Ísland er nú þegar aðili að, öðlast væntanlega gildi á árinu 2004. Genfarsamningurinn felur í sér alþjóðlegt skráningarkerfi á sviði hönnunar og er svipað að uppbyggingu og Madridkerfið á sviði vörumerkja.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru gerðar á árinu 2002, en ný lög um hönnun, ásamt reglugerð, tóku gildi í október 2001. Á þeim tíma gerðist Ísland einnig aðili að fyrrgreindum alþjóðlegum samningi á sviði hönnunar, Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Alþjóðleg hönnunarskráning samkvæmt samningnum er þó enn ekki komin til framkvæmda, þar sem enn hafa ekki nægilega mörg ríki gerst aðilar að samningnum.

Kynningarstarfsemi

Skólum á háskólastigi og framhaldsskólastigi var boðið upp á kynningu um hönnunarvernd. Listaháskóli Íslands þáði boðið og verður skólinn sóttur heim í ársbyrjun 2003.

Leitast hefur verið við að vekja athygli og áhuga fjölmiðla á þeirri vernd sem unnt er að öðlast með skráningu hönnunar hjá Einkaleyfastofunni.

Þátttaka á námskeiðum og fundum

Tveir starfsmenn deildarinnar tóku þátt í norrænum vörumerkja- og hönnunarfundi í Osló í október.

Byggðamerki

Aðeins var lögð inn ein umsókn um skráningu byggðamerkis á árinu.

Starfsmannamál

Meginhluta ársins 2002 voru starfsmenn 23 auk 2 starfsmanna í ræstingu. Tveir starfsmenn létu af störfum seinni hluta ársins. Ekki var ráðið í þeirra stað. Þrír starfsmenn fóru í barnseignarfrí á árinu. Þar sem ekki var ráðið í afleysingar fyrir þá starfsmenn var aukið vinnuálag á öðru starfsfólki.

Tæknimál

Á árinu var, eins og áður er getið, endurnýjaður hugbúnaður fyrir vörumerkjaskrá stofnunarinnar og gerðar nokkrar endurbætur á kerfinu.

Einnig var nauðsynlegt að endurnýja “Office” hugbúnað fyrir 15 notendur.

Þá voru fest voru kaup á nýjum netþjónum (server), tveimur fartölvum og tveimur öðrum tölvum.

Í lok árs voru fest kaup á vefumsjónarkerfi og jafnframt samið við fyrirtækið Hópvinnukerfi um endurbætur á heimasíðu stofnunarinnar. Samið var við Gísla B. Björnsson og Næst ehf. um hönnun á útliti síðunnar.

Önnur verkefni eða breytingar árið 2002

Á árinu samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu iðnaðarráðherra, að Ísland skyldi sækja um aðild að Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO). Aðild að þessari stofnun mun hafa mikil áhrif á meðhöndlun einkaleyfa hjá Einkaleyfastofnunni.

Forstjóri stofnunarinnar Gunnar Guttormsson, sem verið hefur forstjóri stofnunarinnar frá upphafi, lét af störfum 1. nóvember. Frá sama tíma var Ásta Valdimarsdóttir skipuð sem forstjóri stofnunarinnar.

Í ágúst var haldinn hér Norræn ráðstefna um hugverkaréttindi, svonefnd NIR-ráðstefna. Ráðstefnan var haldin á vegum SVESI (samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar). Nokkrir starfsmenn stofnunarinnar skiptu með sér þátttöku á ráðstefnunni. Þá bauð stofnunin ráðstefnugestum í móttöku í tengslum við hátíðarkvöldverð ráðstefnunar.

Á alþjóðlegri ráðstefnu um hugverkaréttindi sem haldin var í apríl í Riga í Lettlandi, hélt forstjóri stofnunarinnar erindi sem bar heitið “Role of the Patent Office with emphasis on design protection”

Í apríl var haldinn í Reykjavík fundur forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna. Í nóvember var haldinn annar slíkur fundur í Osló. Á þeim fundi voru forstjórar einkaleyfastofnana Eystrasaltsríkjanna einnig þátttakendur.

Í maí voru ýmsir hagsmunaaðilar úr atvinnulífinu boðaðir til fundar á Einkaleyfastofnunni. Markmið fundarins var að skapa vettvang til að

skiptast á upplýsingum og jafnvel koma á samstarfi milli einstakra aðila. Fundurinn var vel sóttur og kom ýmislegt markvert fram. Var rætt m.a um frumvarp um rétt starfsmanna til uppfinninga sem nefnd á vegum iðnaðarráðuneytis vinnur að, og um fyrirkomulag sem unnið er að í Háskóla Íslands og hjá Landsspítalanum varðandi nýtingu á uppfinningum starfsmanna.

Fundað var tvívegis með stjórn Félags umboðsmanna (FUVE). Fyrri fundurinn var í mars og sá seinni í nóvember. Fundinn sátu auk stjórnar Félags umboðsmanna, þrír starfsmenn Einkaleyfastofunnar ásamt fulltrúa frá iðnaðarráðuneyti. Rætt var m.a. um laga- og reglugerðarbreytingar á sviði einkaleyfa, fyrirhugaða aðild að EPO, verklagsreglur innan stofnunarinnar er varðar fresti og önnur tengd málefni.

Tekin voru upp starfsmannaviðtöl og farið yfir starfslýsingar starfsmanna. Þá var unnið að viðbótum og breytingum á skriflegri starfsmannastefnu stofnunarinnar. Stofnanasamningar voru ennfremur endurskoðaðir.

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Í ársáætlun fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður stofnunarinnar yrði 108.1 m.kr. og að tekjur yrðu 112.5 m.kr. Því var áætlað að jákvæður mismunur af rekstri yrði 4.3 m. kr.

Í áætluninni var gert ráð fyrir :

- 380 einkaleyfaumsóknum
- 3920 vörumerkjaumsóknum
- 36 hönnunarumsóknum

Samanburður við útkomu

Rekstrarafkoman var betri en áætlað var. Rekstarkostnaður var nánast í samræmi við áætlun, eða 108.882 m.kr. Tekjur voru 118.192 m. kr. sem er mun hærra en ráðgert var. Tekjuafgangur var því 9.3 m. kr. á árinu. (Tekið skal fram að þegar ársskýrsla þessi var gerð var ekki búið að ljúka við ársreikning hjá Ríkisbókhalddi og gætu tölur því eitthvað breyst)

Þegar einstakir liðir í fjárhagsáætlun eru bornir saman við útkomu ársins má sjá að launakostnaður var 7% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og að rekstrarvörur voru 9% hærri en samkvæmt áætlun. Hins vegar var kostnaður vegna funda og ferða 21 % minni en gert var ráð fyrir í áætlun. Aðkeypt þjónusta var 14% minni og húsnæðiskostnaður 29% undir áætlun.

Fjöldi umsókna á árinu var:

451 einkaleyfaumsóknir

3465 vörumerkjaumsóknir

28 hönnunarumsóknir

Þegar ofangreindar tölur eru bornar saman við áætlun má sjá að fjöldi einkaleyfaumsókna varð meiri en gert var ráð fyrir. Vörumerkjaumsóknir voru hins vegar mun færri en áætlað var og umsóknir um hönnun einnig.

Skýringar á helstu frávikum

Helstu fráviki á tekjuhlið eru vanáætlaðar tekjur. Stór hluti tekna er fenginn með umsóknargjöldum en þar sem margskonar utanaðkomandi atriði, svo sem almennt efnahagsástand í heiminum, hafa áhrif á fjölda umsókna, er erfitt að spá fyrir um tekjur. Óþarfa svartsýni virðist hafa gætt við áætlun á tekjum stofnunarinnar, þar sem m.a. fjöldi einkaleyfisumsókna var töluvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Helstu frávik á gjaldahlið eru í launakostnaði. Þar koma til m.a. almennar hækkningar samkvæmt kjarasamningum og einnig breytingar á launum einstakra starfsmanna sem m.a. vegna starfsreynslu og breyttra starfslýsinga var talið rétt að hækka.

Reykjavík 4. apríl 2003

Ásta Valdimarsdóttir